

Umsögn vegna þingsályktunar um fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2015 til 2018.
Mál nr. 638, 145.löggjafarþings.

Hreppsnefnd Árneshrepps tekur undir álit Fjórðungssambands Vestfirðinga varðandi nauðsyn þess að setja í forgang ýmis samgönguverkefni á Vestfjörðum.

Hreppsnefnd vill sérstaklega ítreka mikilvægi þess að flýtt verði framkvæmdum við Strandaveg norður í Árneshrepp.

Þar er átt við uppbyggingu vegarins yfir Veiðileysuháls og verði þeim framkvæmdum flýtt þannig að þær hefjist árið 2017 og ljúki árið 2018. Þessi framkvæmd var komin á dagskrá fyrir bankahrun og því eru íbúar þessa afskekktu sveitarfélags orðnir langeygir eftir samgöngubótum.

Virðingarfyllt,
fyrir hönd hreppsnefndar Árneshrepps,

Eva Sigurbjörnsdóttir
oddviti.